

Nd.

347. Nefndarálit

[105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum. Á fundum nefndarinnar mættu til viðræðna Jakob Gíslason raforkumálastjóri, sem lagði fram breytingartillögur sínar við frumvarpið, og þeir, sem sömdu frumvarpið, Jón Sigurðsson hagsýslustjóri, Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri ríkisins og Gísli Jónsson rafveitustjóri, Hafnarfirði.

Þá bárust nefndinni breytingartillögur við frumvarpið frá Sambandi ísl. rafveitna, Tæknifræðingafélagi Íslands svo og Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík.

Að lokinni athugun á frumvarpinu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþ. með nokkrum breytingum, og er það tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, sem fluttar eru á þskj. 348.

Minni hlutar nefndarinnar gefa út sérálit.

Alþingi, 11. marz 1967.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Sig. Ingimundarson,
fundaskr.

Ragnar Jónsson.

Jónas G. Rafnar.